



Reykjavík, 2. september 2019

Mál: Umsögn um lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við gerð kjarasamninga

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar áform um lagabreytingu vegna stuðnings stjórnvalda við gerð kjarasamninga, sem auglýst voru á Samráðsgátt stjórnvalda hinn 11. júlí síðastliðinn. SFS gera eftirgreindar athugasemdir við áform um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í áformunum er lagt til að lögfest verði að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði a.m.k. 15,5% af iðgjaldsstofni í stað 12%. Samtökin telja að umrædd breyting muni hafa í för með sér fordæmalaus og slæm áhrif á kjarasamninga SFS við sjómenn. Ákvæði þeirra samninga og umgjörð eru mjög frábrugðin því sem gerist á almennum vinnumarkaði. Þessari sérstöðu er enginn gaumur gefinn í fyrirliggjandi drögum.

Gildandi fyrirkomulag iðgjaldsgreiðslna vegna sjómanna til lífeyrissjóða er þannig háttað, að þær nema 12% af öllum launum. Skulu útvegsmenn greiða 8% en sjómenn 4%. Í kynntum áformum stjórnvalda er stefnt að því að lífeyrissjóðslögin endurspegli a.m.k. 11,5% mótframlag laungreiðanda í lífeyrissjóð launþega. Nái þessi áform fram að ganga er um mikla hækkun að ræða á sjávarútvegsfyrirtæki, án þess að samningsaðilar hafi samið um hana. Löggjafinn hyggst þannig taka samningsvaldið af hagsmunasamtökum sjávarútvegsfyrirtækja og sjómanna. Eðli máls samkvæmt má telja slíka þróun óheillavænlega.

Í þessu samhengi má nefna að í kjarasamningi aðila frá árinu 2004 fengu sjómenn ýmsar kjarabætur. Meðal þess sem samið var um var að sjávarútvegsfyrirtæki skyldu greiða 8% iðgjaldsgreiðslur í lífeyrissjóð í staðinn fyrir 6%, auk annarra kjarabóta sem óþarft er að tunda hér. Á móti fengu sjávarútvegsfyrirtæki meðal annars svokallað „nýsmíðaákvæði“ í kjarasamning. Ákvæðið heimilar 10% lægri skiptaprósentu í sjö ár eftir að skip er fyrst tekið í notkun, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þetta skýrir þá viðleitni að á móti útgjaldaaukningu komi hagræðing eða tilslökun á öðru sem ávinningur er af. Þannig liggur fyrir að iðgjald til lífeyrissjóðs er augljóslega einn þáttur í kjaraviðræðum sjómanna og útgerðarmanna. Að mati samtakanna væri verið að takmarka mjög samningsfrelsi aðila með breytingunni.

Hlutaskiptakerfi sjómanna er sérstakt viðfangsefni og þekkist ekki í öðrum atvinnugreinum eða kjarasamningum. Almenn lausn sem kann að eiga við um almenna vinnumarkaðinn á því alls ekki við á sviði sjávarútvegs. Því er nauðsynlegt að sérstök lausn verði fundin er

varðar hlutaskiptakerfi. Ein af meginstoðum hlutaskiptakerfis er að áhætta er tvíhliða; bæði sjómanna og útgerðarmanna. Af þessum sökum er ótækt og í raun óskiljanlegt að hækka iðgjöld með þeim einhliða hætti sem boðað er í frumvarpinu. Ef löggjafinn telur sig knúinn til að lögfesta 15,5% lágmarksiðgjald er nauðsynlegt að undanþáguákvæði verði til staðar og lágmarksiðgjald hjá sjómönnum verði áfram 12%.

Verði boðuð hækkun engu að síður lögfest, þrátt fyrir augljósa og fordæmalaus ágalla, verður að líta svo á að hækkunin komi til frádráttar þegar samið verður við sjómenn, en samningar þeirra renna út í á síðasta ársfjórðungi þessa árs.

Í ljósi ofangreinds telja SFS ekki rétt að hækka lágmarksiðgjald í 15,5%, heldur verði ákvörðun um meðferð lífeyrисиðgjalda, umfram 12%, tekin í frjálsum samningum aðila, sbr. 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrár. Sú er almenna reglan og til þessa hefur verið stuðst við hana í kjarasamningum stéttarfélaganna ASÍ og SA. Það er einkar mikilvægt að samningsaðilar verði ekki knúnir af ríkisvaldinu, sem ekki er aðili samnings, til þess að hækka iðgjald til samtryggingar í næstu kjarasamningum.

Að óbreyttu styðja SFS ekki umrædd áform að lagabreytingu.

Að öðru leyti áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Heiðrún Lind Marteinsdóttir
framkvæmdastjóri SFS

